

## REGLUGERÐ

### um (4.) breytingu á reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 13. gr.:  
Í stað orðanna „lista 1“ kemur orðið: lista.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 21. gr.:  
Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 21. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur, í viðeigandi beygingarfalli, orðið: Matvælastofnun.

3. gr.

Viðauki þessarar reglugerðar kemur í stað 4. viðauka reglugerðar nr. 503/2005.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Höfð er hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/68/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 415/2009.

#### **Bráðabirgðaákvæði.**

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til birgða af matvælum sem hafa verið settar á markað eða merktar fyrir gildistöku hennar. Sama gildir um birgðir af léttvíni sem settar hafa verið á markað eða merktar fyrir 31. desember 2010.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2010.*

**Jón Bjarnason.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

VIÐAUKI 4  
**Ofnæmis- og óþolsvaldar.**

1. Korn sem inniheldur glúten (þ.e. hveiti, rúgur, bygg, hafrar, spelt, taumhveiti (kamut) eða blendingar þeirra) og afurðir úr því, nema:
  - a) Glúkósasíróp unnið úr hveiti, þ.m.t. þrúgusykur.
  - b) Maltóðextrín unnið úr hveiti.
  - c) Glúkósasíróp unnið úr byggi.
  - d) Korn, notað við að framleiða eimi eða etanól úr landbúnaði fyrir brennda drykki og aðra áfenga drykki.
2. Krabbadýr og afurðir úr þeim.
3. Egg og afurðir úr þeim.
4. Fiskur og fiskafurðir, nema:
  - a) Fiskgelatín, notað sem burðarefni fyrir vítamín eða karótenóíðblöndur.
  - b) Fiskgelatín eða fiskilím, notað sem felliefni í bjór og léttvín.
5. Jarðhnetur og afurðir úr þeim.
6. Sojabaunir og afurðir úr þeim, nema:
  - a) Fullhreinsuð sojaolía og fita<sup>1</sup>.
  - b) Náttúruleg, blönduð tókóferól (E306), náttúrulegt D-alfatókóferól, náttúrulegt D-alfatókóferólasetat, náttúrulegt D-alfatókóferólsúksínat úr sojabaunum.
  - c) Jurtasteról og jurtasterólesterar, unnið úr jurtaolíum sem upprunnar eru úr sojabaunum.
  - d) Jurtastanólester, framleiddur úr jurtaolíusterólum úr sojabaunum.
7. Mjólk og mjólkurafurðir (þ.m.t. laktósi), nema:
  - a) Mýsa, notuð við að framleiða eimi eða etanól úr landbúnaði fyrir brennda drykki og aðra áfenga drykki.
  - b) Laktítól.
8. Hnetur, þ.e. möndlur (*Amygdalus communis L.*), heslihnetur (*Corylus avellana*), valhnetur (*Juglans regia*), kasúhnetur (*Anacardium occidentale*), pekanhnetur (*Carya illinoensis (Wangenh.) K. Koch*), parahnetur (*Bertholletia excelsa*), pistasíuhnetur (*Pistacia vera*), goðahnetur og queensland-hnetur (*Macadamia ternifolia*) og afurðir þeirra, nema:
  - a) Hnetur, notaðar við að framleiða eimi eða etanól úr landbúnaði fyrir brennda drykki og aðra áfenga drykki.
9. Sellerí og afurðir úr því.
10. Sinnep og afurðir úr því.
11. Sesamfræ og afurðir úr þeim.
12. Brennisteinsdíoxíð og súlfít í styrk, sem er yfir 10 mg/kg eða 10 mg/lítra, gefið upp sem SO<sub>2</sub>.<sup>4</sup>
13. Úlfabaunir og afurðir úr þeim.
14. Lindýr og afurðir úr þeim.

---

<sup>1</sup> Ásamt afurðum úr því, að því tilskildu að vinnsluferlið sé ekki líklegt til að auka ofnæmisvirkni eins og Matvælaöryggisstofnunin hefur metið hana í upprunavöru þeirra.